

Föstudaginn 30. maí 1958.

Nr. 35/1958. **Ákærvaldið** (Sigurður Reynir Pétursson hrl.)
 gegn
Curtis Roy Mc Mahan (Páll S. Pálsson hrl.).

Dómendur:

hæstaréttardómararnir Jónatan Hallvarðsson, Árni Tryggvason,
 Gizur Bergsteinsson og Þórður Eyjólfsson og Einar Arnalds
 borgardómari.

Bifreiðalagabrot. Líkamsáverkar.

Dómur Hæstaréttar.

Björn Ingvarsson, lögreglustjóri Keflavíkurflugvallar, hefur kveðið upp héraðsdóminn.

Í Hæstarétti hefur verið lagt fram vottorð Kjartans R. Guðmundssonar læknis, dagsett 10. apríl s.l., um heilsu drengsins Friðriks Ingvarssonar, er hlaut áverka í umferðarslysi því, er mál þetta er risið af. Segir þar, að líkur séu ekki á því, að drengurinn hljóti varanleg mein af völdum slyssins.

Fallast má á mat héraðsdómara á sakaratriðum, sem réttléga er lýst í héraðsdómi. Varðar hegðun ákærða við refsiboð þau, sem greind eru í ákæruskjali, önnur en ákvæði áfengisлага og 1. mgr. 23. gr. bifreiðalaga.

Með þessum athugasemdum ber að staðfesta héraðsdóminn að öðru leyti en því, að frestur til greiðslu sektar verði 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 3.000.00 til hvors.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður að öðru en því, að greiðslufrestur sektar verði 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Ákærði, Curtis Roy McMahan, greiði áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun sækjanda og verjanda

fyrir Hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Sigurðar Reynis Péturssonar og Páls S. Pálssonar, kr. 3.000.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Keflavíkurflugvallar 17. febrúar 1958.

Ár 1958, mánudaginn 17. febrúar, kl. 10.00, var sakadómur Keflavíkurflugvallar settur í skrifstofu dómsins og haldinn af lögreglustjóra, Birni Ingvarssyni, með undirrituðum vottum og uppkveðinn svofelldur dómur í sakadómsmálinu nr. 1174/1957: Ákærvaldið gegn Curtis Roy McMahan.

Mál þetta var dómtekið 31. f. m., en þar sem dómari sá, er með málið fór, hefur látið af störfum, varð nokkur dráttur á uppkvaðningu dómsins.

Með ákæruskjali, útgefnu í dómsmálaráðuneytinu 13. f. m., er ákærði, Curtis Roy McMahan, yfirverkstjóri hjá Trans World Airlines flugfélaginu á Keflavíkurflugvelli, til heimilis Hringbraut 82, Keflavík, ákærður fyrir að hafa um kl. 17.45 mánudaginn 11. nóvember s.l. ekið bifreiðinni J 67 frá Keflavíkurflugvelli áleiðis heim til sín í Keflavík, þótt hann væri undir áhrifum áfengis svo og fyrir að hafa ekið bifreiðinni of hratt miðað við aðstæður og án nægjanlegar aðgæzlu norður Hafnargötu í Keflavík umrætt sinn með þeim afleiðingum, að 5 ára drengur, Friðrik Ingvarsson, varð fyrir bifreiðinni skammt fyrir innan Aðalstöðina og hlaut alvarleg meiðsli. Þykir þetta varða við 219. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, 1. mgr. 24. gr., sbr. 45. gr. áfengislaga nr. 58/1954, 1. mgr. 23. gr., 1., 4. og 5. mgr. 26. gr., 1. mgr. 27. gr., sbr. 38. gr. bifreiðalaga nr. 23/1941, sbr. 2. gr. laga nr. 6/1951, 2. gr., 2. mgr. 4. gr., sbr. 14. gr. umferðarlaga nr. 24/1941 og 48. gr., sbr. 111 gr. lögreglusamþykktar Keflavíkurkaupstaðar nr. 121/1953.

Til vara er málið höfðað gegn ákærða, að því er ástand hans varðar við framangreindan akstur, fyrir að hafa verið haldinn slíkri þreytu og sljóleika sökum undanfarandi áfengisneyzlu, að hann gat eigi á tryggilegan hátt stjórnað bifreiðinni. Telst það varða við 3. mgr. 23. gr., sbr. 38. gr. bifreiðalaga.

Þess er krafizt, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til öku-leyfissviptingar samkvæmt 1. mgr. 24. gr. áfengislaga og 1. mgr. 39. gr. bifreiðalaga svo og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði er fæddur 28. júlí 1917 í Oklahoma í Bandaríkjum Norður-Ameríku. Hann hefur ekki sætt ákæru eða refsingu fyrir neitt lagabrot hérlendis, svo kunnugt sé.

Málavextir:

Mánudaginn 11. nóvember 1957 um kl. 17.45 fékk lögreglan í Keflavík tilkynningu frá leigubílastöðinni Aðalstöðinni í Keflavík, að slys hefði orðið þá rétt áður á Hafnargötu, rétt fyrir innan Aðalstöðina.

Yfirlögregluþjónninn í Keflavík, Sigtryggur Árnason, fór þegar á vettvang ásamt lögregluþjóni nr. 2.

Var þar fyrir bifreiðin J 67, fólksbifreið af Chevroletgerð, smíðaár 1957, og utan við malbik götunnar lá slasaður drengur, Friðrik Ingvarsson, Faxabraut 16, Keflavík, fæddur 16. desember 1951. Sneri höfuð drengsins að bílnum. Breitt hafði verið yfir barnið. Héraðslæknir var kallaður á staðinn þegar, og að athugun hans lokinni var drengurinn fluttur í sjúkrahús Keflavíkur. Lögreglan mældi upp slysstaðinn, tók ljósmyndir, ökumann bifreiðarinnar, J 67, ákærða, til yfirheyrslu og blóðtöku og ráðstafanir gerðar til þess að láta bifreiðaeftirlitsmenn skoða bifreið ákærða. Er slysið skeði, var myrkur, malbik Hafnargötu blautt, raflýsing á slysstað slæm, að sögn lögreglu.

Ekkert vitni fannst að hafa séð, er slysið bar að, utan 8 ára drengur.

Ákærði greinir svo frá atvikum fyrir dómi, að hann hafði ekið bifreiðinni J 67 í umrætt sinn, sem er eign félags þess, er hann starfar við. Var hann á leið heim til sín frá skrifstofu félags síns hér og ók um svonefndan Turner-veg út af vellinum.

Er hann kom að gatnamótum Reykjanesbrautar, stanzaði hann, en ók síðan út á brautina og í átt til Keflavíkur, sem er stutt frá vegamótum þessum. Var hann kominn skammt áleiðis frá vegamótunum, er hann sá tvo drengi við brún malbikuðu akbrautarinnar, vinstra megin frá honum séð, í nokkurri fjarlægð. Andartaki síðar segist hann hafa orðið þess var, að annar drengurinn hljóp inn á götuna þvert í veg fyrir bifreiðina. Ákærði kveðst þegar hafa hemlað, en varð þess var, að bifreiðin rakst á eitthvað. Féll drengurinn til hliðar út af veginum og eftir slysið lá hann rétt utan við malbikið á brautinni vinstra megin. Ákærði ætlar hraða bifreiðarinnar hafa verið 25 km. á klst., en í skýrslu lögreglunnar var hermt eftir honum 25 mílur, miðað við sama tíma. Ekki gat ákærði gert sér grein fyrir, hve bifreiðin rann langt,

frá því að hann fyrst hemlaði henni eftir að áreksturinn varð, með því að allt þetta gerðist með svo skjótum hætti.

Ákærði lét bifreið sína óhreyfða og hraðaði sér til Aðalstöðvarinnar til að tilkynna slysið, en beið síðan á vettvangi þar til lögreglan kom. Ákærði segir, að myrkur hafi verið, vegur blautur og ætlar, að hann hafi ekið með lágu ljósgeislunum.

Ákærði játar að hafa setið að drykkju daginn fyrir slys þetta og til kl. 03.00—04.00 að morgni slysdagsins og drukkið allmikið. Segist hafa farið á fætur kl. 09.00 um morguninn og unnið allan daginn. Ekki kveðst hann hafa fundið til áfengisáhrifa við akstur umrætt sinn né eftirköst víndrykkju (timburmanna) og ekki að heldur verið syfjaður eða þreyttur.

Uppdráttur lögreglunnar af slysstað telur ákærði, að sé ekki réttur, telur framenda bifreiðarinnar hafa vísað til vinstri, en ekki hægri, sem er á uppdrættinum, og að hann hafi ekið bifreiðinni a. m. k. í eins metra fjarlægð frá vegarbrún.

Niðurstöður alkóhólrannsóknar ákærða sýna 1.07‰ af alkóhóli, en prufan var tekin um kl. 19.35 slysdaginn eða nær tveim tímum eftir slysið.

Hinn slasaði, Friðrik Ingvarsson, og bróðir hans, Ingvar, fæddur 3. júlí 1949, hafa fyrir dómi lýst því yfir, að þeir hafi í umrætt sinn verið að leik rétt hjá Aðalstöðinni. Hafði Friðrik verið með stöng meðferðis og borið um öxl sér. Segja þeir Ingvar hafa verið á undan Friðrik, nær Aðalstöðinni, og „þeir bara verið að labba“, en ekki hlaupið út á götuna.

Samkvæmt vottorði Bjarna Sigurðssonar sjúkrahúslæknis segir svo um meiðsli Friðriks Ingvarssonar: „Meiðsli hans voru: Heilahristingur. 3 skurðir á höfði, hvor þeirra ca. 2 cm. langur Skurðirnir voru á hægri augabrún fyrir ofan hægra eyra og 3 hægra megin á enni upp við hársvörðinn. Gleraugna haematon á hægra auga. Mikið mar og bólga á enninu hægra megin. Húðafrifur og rispur á hægri kinn. Bólga og eymsli á vinstri fótlegg rétt ofan við öklann. Röntgenmynd sýndi, að annað beinið var brákað. Bólga og eymsli fyrir ofan hægra eyra. Sjúklingur var meðvitundarlaus ca. hálfa klst. eftir að hann slasaðist, og var rænulítill, er hann kom á sjúkrahúsið. Sjúklingur var rænulítill fyrstu vikuna, sem hann lá á sjúkrahúsinu, og kastaði upp fyrstu tvo dagana, var mjög þungt haldinn fyrstu vikuna. Sjúkl. útskrifaðist af sjúkrahúsinu þann 2. 12. Hafði þá haft fótavist í nokkra daga, var í gipsumbúðum á vinstra fæti, skurðirnir á höfði voru grónir. Líðan sjúkl. var sæmilega góð, nema að hann kvartaði stundum

um höfuðverk. Hvort sjúkl. muni hafa eftirköst eftir meiðsli þetta, er ekki hægt að segja um nú.“

Sigtryggur Árnason, yfirlögregluþjónn í Keflavík, skýrir svo frá, að hann hafi komið á vettvang nokkru eftir að slysið skeði ásamt lögreglumanni. Sjúkrabifreið var þá ókomin að ná í hið slasaða barn, fór þá vitnið að ná til hennar, en í millitíð var barnið flutt af föður sínum í sjúkrahús. Vitnið gerði uppdrátt og mælingu á vettvangi og segir hjólför bifreiðarinnar J 67 hafa verið greinileg og staðfestir mælingu og uppdráttinn vera réttan, þrátt fyrir að honum væri gert kunnugt um athugasemdir ákærða þar að lútandi.

Vitnið segir, að vinstra megin að framan var vélarhlíf bifreiðarinnar dælduð og áleit vitnið það vera ákomustaðinn við slysið. Það segir, að annar vettlingur hins slasaða drengs hafi fundizt aftan við bifreiðina og 1 metra utan akbrautar. Vitnið segir ákærða hafa verið rauðan og þrútin í framan og drykkjulegan og áleit vitnið hann vera undir áfengisáhrifum eða að hann hefði sólarhringinn á undan setið að drykkju.

Karl Hólm, lögregluþjónn í Keflavík, er kom á vettvang í umrætt skipti og flutti ákærða til lækni til blóðtöku, segir, að fyrst hafi hann flutt hann til sjúkrahúss Keflavíkur, en að ákærði hafi verið svo órólegur og æstur, að læknirinn gat eigi tekið honum blóð. Var þá farið með hann til lögreglustöðvarinnar hér, en síðan til héraðslæknis, er tók honum blóð nær tveim tímum eftir slysið eða kl. 19.35.

Vitnið segir ákærða hafa verið rauðan og þrútin í andliti og augu lítið eitt blóðhlaupin. Göngulag ákærða var eðlilegt og vitnið fann ekki vínlykt af vitum hans, en það lyktaði heldur eigi af andardrætti hans. Vitnið segir, að ákærði hafi patað mikið með höndunum í allar áttir. Vitnið ályktaði, að hann væri undir áfengisáhrifum eftir útliti og framkomu ákærða.

Björn Jóhannsson, lögregluþjónn í Keflavík, er kom á vettvang, segist hafa verið viðstaddur, er yfirlögregluþjónninn mældi upp vettvang. Það sá ákærða á staðnum og veitti því athygli, að hann klemmdi saman varirnar, er það kom í nálægð hans. Ekki fann vitnið vínlykt af honum, en því virtist hann vera þrútin og slappur í andliti. Það áleit ákærða ekki vera áberandi ölvaðan, en áleit hann hafa neytt einhvers áfengis eða vera með „timburmenn“.

Hin síðasttöldu tvö vitni hafa unnið eið að framburði sínum.

Bifreiðaeftirlitsmennirnir Jón Sumarliðason og Magnús Wium

skoðaði bifreið ákærða eftir slysið og reyndu í akstri og reyndist hún í fullkomnu lagi.

Af því sem nú hefur verið rakið, ók ákærði bifreiðinni J 67, sem er ný og í fullkomnu lagi, umrætt sinn norður Reykjanesbraut til Keflavíkur í myrkri, á blautu malbiki og á svæði, sem er illa upplýst. Ákærði segist hafa ekið á um 25 km. hraða á klukkustund og skammt eftir að hann kom inn á brautina kom hann auga á tvo drengi við vinstri brún hinnar malbikuðu brautar og í nokkurri fjarlægð. Ákærði segir hinn slasaða dreng hafa hlaupið fyrir bifreiðina, en hinn slasaði og bróðir hans átta ára segja hins vegar, að þeir hafi verið á gangi þarna og ekkert hlaupið út á götuna.

Við þær aðstæður, er nú hefur verið lýst, bar ákærða að sýna fyllstu varkárni í akstri og þar sem bifreið hans var í fullkomnu lagi, átti að vera auðvelt að stöðva hana þegar, hafi hraði hennar eigi verið meiri en ákærði segir. Hins vegar benda hemlaför og hjólför bifreiðarinnar, sem uppdráttur sýnir, og staða bifreiðarinnar á veginum eftir slysið, að aðgæzla ákærða hafi eigi verið nægileg, miðað við allar aðstæður, og að hann orðið meðvaldur að meiðslum drengsins og því orðið brotlegur við ákvæði 219. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Gegn eindreginni neitun ákærða verður ekki talið, að sönnun sé fram komin, að hann hafi verið undir áfengisáhrifum við akstur í umrætt skipti, en hins vegar þykir sannað af framburði vitna, niðurstöðu alkóhólsrannsóknar og játningu ákærða að hafa drukkið allmikið nóttina fyrir slysið, að hann hafi verið haldinn þreytu og sljóleika og því eigi mátt stjórna bifreið tryggilega. Varðar brot þetta við 3. mgr. 23. gr. bifreiðalaga nr. 23/1941.

Refsing ákærða þykir eftir framangreindu hegningarlagaákvæði og 38. gr. bifreiðalaga hæfilega ákveðin 3.000.00 króna sekt í ríkissjóð, er afplánist með 20 daga varðhaldi, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá dómsbirtingu.

Eftir atvikum þykir rétt samkvæmt 39. gr. bifreiðalaga að svipta ákærða ökuréttindum í eitt ár frá birtingu dóms þessa.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með taldar kr. 1.000.00 í málsvarnarlaun til skipaðs talsmanns síns, Stefáns Guðjohnsens hdl.

Dráttur hefur orðið á uppkvaðningu dóms þessa og er ástæðna að framan getið.

Að öðru leyti hefur rekstur málsins verið vítalaus.

Því dæmist rétt vera:

Ákærði, Curtis Roy McMahan, greiði 3.000.00 króna sekt til ríkissjóðs, er afplánist með 20 daga varðhaldi, sé sektin eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Hann skal frá sama tíma sviptur ökuréttindum í eitt ár.

Hann greiði allan sakarkostnað, þar með talin laun talsmans síns, Stefáns Guðjohnsens hdl., kr. 1.000.00.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 30. maí 1958.

Nr. 10/1958. **Brandur Brynjólfsson**
 gegn
Kristjáni Lárussyni.

Útivistardómur. Ómaksbætur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Brandur Brynjólfsson, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði kr. 200.00 í útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Einnig greiði hann stefnda, Kristjáni Lárussyni, sem hefur sótt dómþing og krafizt ómaksbóta, kr. 200.00 í ómaksbætur að viðlagðri aðför að lögum.